

INNKAUPA- OG FRAMKVÆMDARÁÐ

Ár 2022, fimmtudaginn 28. apríl 2022 var haldinn 71. fundur innkaupa- og framkvæmdaráðs. Fundurinn var haldinn í Varmadal, 4. hæð Borgartúni 12-14 og hófst kl. 13:00. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar: Dóra Magnúsdóttir, Örn Þórðarson og Valgerður Árnadóttir. Sabine Leskopf og Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttur sátu fundinn í fundarsal. Einnig sat fundinn með fjarfundarbúnaði Jón Pétur Skúlason frá borgarlögmanni og Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir frá innkaupaskrifstofu. Guðbjörg Matthíasdóttir frá innkaupaskrifstofu sat fundinn í fundarsal og var jafnframt fundarritari.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 3. maí 2022, merkt USK22030165, útboð nr. 15476 „Malbiksyfirlagnir í Reykjavík. Útboð 1. vestan Reykjanesbrautar“. Lagt er til við innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að lægsta tilboði sem er frá Malbiksstöðin ehf. að fjárhæð kr. 360.545.807,-

Samþykkt

Ólafur Ólafsson tekur sæti undir þessum fundarlið.

2. Lagt er fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 3. maí 2022, merkt USK22030165, útboð nr. 15477 „Malbiksyfirlagnir í Reykjavík. Útboð 2. austan Reykjanesbrautar“. Lagt er til við innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda sem er Malbikunarstöðin að fjárhæð kr. 351.250.499,-

Samþykkt

Ólafur Ólafsson tekur sæti undir þessum fundarlið.

3. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 3. maí 2022, merkt USK22010174, EES útboð nr. 15467 „Þróttur gervigras á tvo æfingarvelli“. Lagt er til við innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda skv. tilboði nr. 1 sem er frá Altis ehf. að fjárhæð kr. 147.184.000,-

Samþykkt

Ólafur Ólafsson tekur sæti undir þessum fundarlið.

4. Lagt er fram bréf umhverfis og skipulagsviðs dags. 3. maí 2022, merkt USK22040077, útboð nr. 15475 „Gangstéttaviðgerðir - útboð 2“. Lagt er til við innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda sem er Klapparverk ehf. að fjárhæð kr. 113.766.370,-

Samþykkt

Ólafur Ólafsson tekur sæti undir þessum fundarlið.

5. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 2. maí 2022 merkt USK22030047 „Götulýsing - Útskipti á lömpum 2022“. Lagt er til við innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda sem er TG raf ehf. að fjárhæð kr. 86.319.302,-

Samþykkt

Ólafur Ólafsson tekur sæti undir þessum fundarlið

6. Útboð nr. 15466 „Hagaborg - Alútboð - Færanlegar leikskólaeiningar“
Lagt er fram bréf skrifstofu framkvæmda og viðhalds, umhverfis- og skipulagssviði dags. 2. maí 2022, merkt USK22030154 „Hagaborg - Alútboð - Færanlegar leikskólaeiningar“. Lagt er til við innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda sem er MG Hús ehf. að fjárhæð kr. 114.943.450,-

Samþykkt

Agnar Guðlaugsson tekur sæti undir þessum fundarlið.

7. Lagt fram bréf umhverfis og skipulagssviðs dags. 3. maí 2022, merkt USK22020075, útböð nr. 15437 „Ýmsar fasteignir Reykjavíkurborgar. Reglubundið viðhald pípulagna hverfi 1, 2 og 3“. Lagt er til við innkaupa og framkvæmdaráð að gengið verði að tilboðum 1, 2, 3, 4 og 5 frá lægstbjóðanda sem er Húsalagnir ehf. í hverja fasteign fyrir sig, samtals að fjárhæð kr. 34.085.161,-

Tilboð 1 - Sex fasteignir: Ráðhús Reykjavíkur, Tjarnarbíó (10e), Mánagarður, Aflgrandi 40, Droplaugarstaðir og Lindargata 59. Samtals kr. 3.403.538,-

Tilboð 2 - Nítján fasteignir: Bjartahlíð/Sólbakki/Hamraborg, Drafnarsteinn/Dvergasteinn/Drafnarborg, Grandaborg, Gullborg, Hagaborg, Hlíð Sólhlið/Hlíðaborg, Klambrar, Laufásborg, Miðborg-Njálshlíð/Lindarborg/Barónsborg, Mýri, Nóaborg, Sólborg, Stakkaborg, Stakkakot, Sæborg, Tjarnarborg/Öldukot, Vesturborg, Ægisborg og Grænaborg. Samtals kr. 12.846.617,-

Tilboð 3 - Tólf fasteignir: Tjarnargata 12, Háteigsskóli, Ísaksskóli, Vesturbæjarskóli, Bólstaðarhlíð 43, Vesturgata 7, Þorragata 3-9, Lækjargata 14b, Hringbraut 79, Hverfastöð í Örfirisey, Lindargata 48 og Stakkahlíð Íþróttahús HÍ. Samtals kr. 7.164.862,-

Tilboð 4 - Níu fasteignir: Austurbæjarskóli, Grandaskóli, Hagaskóli, Hlíðaskóli, Melaskóli, Vesturhlíðarskóli (Brúarskóli), Öskjuhlíðarskóli, Vörðuskóli og Þjónustuhús við Ylströnd. Samtals kr. 7.820.519,-

Tilboð 5 - Fimm fasteignir: Grófarhús Tryggvagötu 15, Iðnó, Kjarvalsstaðir, Listasafn Reykjavíkur Hafnarhúsi og Sjóminjasafnið Grandagarði 8. Samtals kr. 2.849.625,-

Samþykkt

Agnar Guðlaugsson tekur sæti undir þessum fundarlið.

8. Lagt fram bréf skrifstofu framkvæmda og viðhalds, umhverfis- og skipulagssviði dags. 2. maí 2022, merkt USK22030105 „Hverfið mitt 2021 2022 – Austur – Ærslabelgir“. Lagt er til við innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda sem er Hreinir Garðar ehf. að fjárhæð kr. 66.310.500,-

Samþykkt

Ólafur Ólafsson tekur sæti undir þessum fundarlið.

9. Lagt er fram yfirlit yfir kaup yfir 5 milljónum, sbr. 7. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar. VEL. Kristín Pétursdóttir tekur sæti undir þessum fundarlið.
10. Lagt er fram yfirlit yfir kaup yfir 5 milljónum, sbr. 7. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar. ÍTR. Andrés Andreasen tekur sæti undir þessum fundarlið.
11. Lagt fram til kynningar, úrskurður kærunefndar útbóðsmála í máli nr. 45/2001, Trúnaðarmál
12. Lagt fram til kynningar, úrskurður kærunefndar útbóðsmála í máli nr. 8/2022. Trúnaðarmál

Fundi slitið kl. 13:54

Sabine Leskopf

Valgerður Árnadóttir
Dóra Magnúsdóttir

Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir
Örn Þórðarson